

Ed.

224. Frumvarp

til heimildarlaga fyrir landstjórnina til að veita Ísafjarðarkaupstað alt að 60,000 kr. lán til raflýsingar.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Stjórninni veitist heimild til að lána Ísafjarðarkaupstað alt að 60,000 kr. úr viðlagasjóði til raflýsingar í bænum. Lánið ávaxtist með $4\frac{1}{2}\%$ og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.